



TOLLVARÐAFÉLAG ÍSLANDS

Grettisgötu 89, 105 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 127/797
komudagur 6.11.2001

Hafnarfirði 4 nóvember 2001

Alsherjarnefnd Alþingis
B.t. Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, formanns
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Samkvæmt samtali sem undirritaður átti við fjármálaráðherra þann 3 október 2001 munu tillögur Dómsmálaráðuneytis um lagabreytingar vegna breytinga á starfslokum lögregluþjóna, sem gerðar eru vegna viljayfirlýsingar Ríkistjórnarinnar undirrituðum 13. júlí s.l. af bæði fjármála- og dómsmálaráðherra, berast Alsherjarnefnd Alþingis til umsagnar á næstu vikum.

Með bréfi til fjármálaráðherra dagsettu 13. september s.l. fór stjórn Tollvarðafélags Íslands fram á við fjármálaráðherra að í ofangreindum lagabreytingatillögum yrðu tollverðir ekki undanskildir, enda eru bæði samkvæmt Lögreglulögum og Tollalögum báðar stéttirnar lögreglumenn og starfa hlið við hlið.

Samkvæmt upplýsingum fjármálaráðherra munu væntanlegar lagabreytinga-tillögur vera sendar Alsherjarnefnd Alþingis til umsagnar áður en þær verða lagðar fyrir Alþingi.

Þar sem stjórn Tollvarðafélags Íslands óskar eftir að fá að gera athugasemdir við lagabreytingatillögurnar, verði þær eingöngu látnar ná til Lögregluþjóna, óskum við eftir að fá ofangreindar lagabreytingatillögur til umsagnar, og að fá að senda greinargerð til Alsherjarnefndar Alþingis áður en hún sendir tillögurnar frá sér til Alþingis.

Virðingarfyllt

Hörður Davíð Harðarson,
formaður Tollvarðafélags Íslands

Afrit:

Geir Haarde, fjármálaráðherra
Snorri Olsen, tollstjórinn í Reykjavík
Ögmundur Jónasson, formaður BSRB